

Tillaga:

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi vegna lagningar tengibrauta í og við Lundahverfi, í kjölfar samráðs við íbúa.

1. Kannað verði til hlítar hvort hægt er að skapa góða vegtengingu frá Naustahverfi niður á Drottningarbraut.
2. Kannaðir verði möguleikar á að leggja Miðhúsabraut vestan Mjólkursamlags og vestan Jólasveinabrekku.
3. Lagður verði göngu- og hjólastígur í götustæði Dalsbrautar og það skilgreint sem stígur við næstu endurskoðun aðalskipulags. Ekki verði heimilað að þrengja að því svæði sem hingað til hefur verið frátekið fyrir götustæði.
4. Tenging milli Miðhúsabrautar og Þórunnarstrætis verði bætt með þeim hætti að miðað verði við að þungaumferð fari um þessi gatnamót fremur en gatnamót Miðhúsabrautar og Mýrarvegjar.
5. Leitað verði leiða til að auka umferðaröryggi á Þingvallastræti.
6. Unnið verði sérstakt átaksverkefni til að auka umferðaröryggi við leik- og grunnskóla bæjarins.
7. Lögð verði áhersla á gott upplýsingastreymi og samræðu við íbúa vegna framangreindra verkefna.

Greinargerð:

Á fundi bæjarráðs Akureyrar þann 3. febrúar 2005 var samþykkt að ganga til samninga við ráðgjafarfyrirtækið Alta um að efna til samráðs og almennrar kynningar meðal bæjarbúa á niðurstöðum vinnuhóps umhverfisráðs um framtíðarlegu tengibrauta að og við Lundarhverfi. Samþykkt þessi var gerð í kjölfar bókunar umhverfisráðs frá 22. desember 2004.

Ráðgjafarfyrirtækið Alta hefur unnið fyrir Akureyrarbæ að samráði við íbúa um lagningu tengibrauta og á fundi bæjarráðs þann 2. júní s.l. voru niðurstöður samráðsins lagðar fram í formi gagna og samantektar á stöðu máls.

Gögn sem liggja fyrir í kjölfar samráðs eru eftirfarandi:

Minnisblað um samráðsfundi með forsvarsmönnum Lundarskóla og KA, 3.mars.

Minnisblað um niðurstöður hverfisfundar 5. apríl.

Minnisblað um niðurstöður frá almennum fundi 26. apríl.

Niðurstöður hópavinnu frá almennum fundi 26. apríl.

Bréf frá fulltrúum íbúa við Dalsbraut, til ráðgjafa Alta, 2. maí.

Ályktun frá fulltrúum íbúa við Miðhúsabraut, maí.

Samantekt Alta um niðurstöður samráðs, maí. Í samantektinni eru m.a. svör Alta til íbúa við Dalsbraut.

Öll gögnin, ásamt skýrslum frá vinnuhópi umhverfisráðs og Línuhönnun, eru á www.akureyri.is.

Helstu forsendur:

Í samráðsferlinu kom fram talsverð gagnrýni á að eingöngu hafi verið horft á tæknilegar forsendur og ekki hugað að öðrum mikilvægum þáttum, s.s. umferðaröryggi. Samráðið hefur skilað dýrmætum viðbótarupplýsingum og því liggur nú fyrir hvað brennur helst á íbúum og hvaða leiðir þeir sjá til lausnar.

Sjónarmið íbúa og annarra hagsmunaaðila við Dalsbraut hafa verið mjög áberandi í umræðunni. Svo mjög að aðrir hafa gagnrýnt það. Þó svo að tekið sé tillit til þessa, er það niðurstaða samráðsferlisins að veruleg andstaða er við lagningu Dalsbrautar.

Mikilvægt er að fá úr því skorið hvort mögulegt er að skapa góða tengingu niður á Drottningarbraut og einnig að skoða breytta legu Miðhúsabrautar, vestan Mjólkursamlags og vestan Jólasveinabrekku.

Kvartað var undan auknu umferðarálagi á Mýrarvegi, sem kann að koma til vegna óaðgengilegrar tengingar frá Miðhúsabraut á Þórunnarstræti.

Slysaættu á Þingvallastræti bar oft á góma á samráðsfundum og er mikilvægt að bregðast við því.

Það var sérstaklega til þess tekið að ekki eru sérstakar merkingar á götum í grennd við skóla á Akureyri, eins og víða má sjá í öðrum bæjarfélögum og kann að vera ástæða til að huga sérstaklega að umferðaröryggi við skóla í bænum.

Þá hefur verið bent á að æskilegt væri að draga úr bílaumferð á Akureyri, m.a. að minnka akstur barna í skóla og leggja þess í stað meiri áherslu á að þau fari gangandi eða hjólandi í skólann.

Þau gögn sem nú liggja fyrir benda til þess að verði Miðhúsabraut lögð, sé hugsanlega hægt að vera án Dalsbrautar. Ýmsar forsendur hafa breyst síðan það umferðarlíkan var gert, s.s. að óvíst er að byggt verði norð-vestan við bæinn.

Mikilvægt er að þegar búið er að skoða tengingu á Drottningarbraut og breytta legu Miðhúsabrautar, verði gert nýtt umferðarlíkan miðað við breyttar forsendur til að meta hvernig umferðarskipulagið mun virka án Dalsbrautar.

Samráð við íbúa

Ítrekað er mikilvægi þess að tryggja gott upplýsingastreymi og samræðu við íbúa í framhaldinu. Margir íbúar hafa sett sig vel inn í málin og líklegt að þeir vilji fá svör við spurningum, eftir því sem fram vindur. Orðnir eru til tveir skipulagðir hópar íbúa, bæði við Dalsbraut og Miðhúsabraut. Þetta er ótvíræður kostur, þar sem hægt er að vinna beint með þessum aðilum.